

Mánudaginn 5. desember 2022 var haldinn fundur siðanefndar HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 21/2022.

HRFÍ

gegn

X

I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda (HRFÍ) sem barst siðanefnd þann 17. október 2022 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að gögn benda til þess að X hafi gerst brotlegt við reglur um ættbókarskráningu. Við skráningu á hvolpum fæddum 20.01.2022 kom í ljós að hvorki French Bulldog rakkinn A né tíkin B voru með gilt hnéskeljavottorð fyrir pörun. Eigandi tíkarinnar og ræktandi gotsins er X. Eigandi rakkans er XX.

Í reglum um ættbókarskráningu fyrir French Bulldog kemur fram: Undaneldisdýr skulu hafa gilt hnéskeljavottorð. Lágmarksaldur tíka við pörun er 20 mánaða.

Kæran var send X til umsagnar með bréfi dagsettu 17. október 2022 og gefinn fjögurra vikna andmælafræstur. Engin andmæli bárust frá X. Siðanefnd tók málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu í málinu.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Kærandi telur að með pöruninni hafi kærði brotið gegn grundvallarreglum félagsmanna HRFÍ.

III. Forsendur

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og nota aðeins til ræktunar viðurkennda hunda og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn.

IV. Niðurstaða

X telst hafa gerst brotlegur við 2.4 gr. í grundvallarreglna fyrir félagsmenn HRFÍ með því að hafa ekki aflað þeirra gagna sem krafist er fyrir viðkomandi tegund.

X hlýtur fyrstu áminningu.

f.h. siðanefndar

Arnheiður Runólfsdóttir

Arnheiður Runólfsdóttir

Brynja K. Magnúsdóttir

Brynja Kristín Magnúsdóttir

Selma Olsen

Selma Olsen